

Verðbreytingar hjá Íslandspósti á pökkum innanlands og fjölpósti

Helstu upplýsingar:

- **Breytt verðskrá Póstsins** tekur gildi 1. nóvember.
- Verðbreytingar taka aðeins til sendinga á fjölpósti og sendinga á pökkum 0-10 kg.
- Ástæða verðbreytinga eru ný lög sem kveða á um að gjald fyrir sendingar endurspegli raunkostnað en verði ekki jafnað út þvert yfir landið með stuðningi frá ríkinu eins og fyrri lög kváðu á um.
- Gildistaka nýrra laga verður til þess að fyrirtækið aðlagar gjaldskrá sína sem sumstaðar verður til þess að verð hækka en annarsstaðar munu þau lækka.
- Einnig tekur gildi ný verðskrá fyrir fjölpóst sem tekur mið af breyttum kostnaði við slíkar sendingar.

Eldri lög – Eitt verð fyrir landið allt

Fyrri lög kváðu á um að sama gjaldskrá væri fyrir póstsendingar, óháð hvar á landinu sendandi eða móttakandi væri staddur. Markmið þeirra laga var að kostnaður við sendingar á pósti væri sá sami um allt land. Útfærsla þessa markmiðs fól í sér að ríkissjóður niðurgreiddi hluta sendingarkostnaðar fyrir viðskiptavini á strjálbýlli svæðum til móts við sendanda.

Nýju lögin - Sendingagjald endurspegli kostnað

Lagabreytingar frá því í sumar kveða á um að gjald fyrir sendingar á 0-10 kg pökkum endurspegli kostnað við flutning og mun ríkið einnig hætta að niðurgreiða kostnað við sendingar.

Gildistaka nýrra laga þýðir að Pósturinn þarf að aðlaga gjaldskrá sína á pökkum innanlands 0-10kg sem sumstaðar verður til þess að verð hækka en annarsstaðar munu þau lækka.

Verðbreytingar á fjölpósti

Einnig tekur gildi ný verðskrá fyrir fjölpóst sem tekur mið af breyttum raunkostnaði við slíkar sendingar. Fjölpóstur hefur í gegnum tíðina fengið að fljóta með öðrum bréfasendingum sem varð til þess að viðbótarkostnaður við þessa dreifingu var óverulegur þar sem bréfin báru mestan hluta kostnaðar. Vegna fækkunar á bréfum hefur Pósturinn nú viðkomu á mun færri stöðum vegna, fjölpóstur kallar hins vegar á viðkomu á hverjum stað og hefur raunkostnaður við dreifingu hans því aukist. Ný verðskrá fyrir fjölpóst tekur mið að þessum breytingum.

Engin breyting á bréfum undir 51 grammi

Póstinum er áfram heimilt að viðhafa sömu verðskrá um allt land á bréfum undir 51 grammi. Engin ákvörðun hefur verið tekin um breytingu á verðskrá að svo stöddu og mun Pósturinn því eftir sem áður sinna póstsendingum til allra landsmanna fyrir hönd ríkisins.

Nánari upplýsingar veitir:

Þórhildur Ólöf Helgadóttir, forstjóri Íslandspósts.

Sími 825 -2670

thorhildurh@postur.is

Þú getur nálgast **breytta verðskrá** (pdf) hér.